

**REGLUGERÐ**

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Búðakaup­tún í Suður-Múlasýslu,  
nr. 300 16. nóvember 1972.

**1. gr.**

VII. kafli orðist þannig:

Um gjöld til hafnarinnar.

**26. gr.**

Gjöld til hafnarsjóðs Búðakaup­túns skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

**2. gr.**

Greinar nr. 27—43 falli niður og breytist töluröð eftirfarandi greina til samræmis við það.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 25. maí 1977.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

**GJALDSKRÁ**

fyrir hafnarsjóð Búðakaup­túns í Suður-Múlasýslu.

**I. KAFLI**

Um hafnargjöld Búðakaup­túns.

**1. gr.**

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest skráð á mælibréf skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, björgunarskip, íslensk vitaskip og varðskip, svo og skip, sem taka neyðarhöfn.

**Lestagjöld.****2. gr.**

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, sem sigla eftir áætlun og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 11.60 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 5.80 á brúttórúmllest.
- c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 11.60 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 770.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 3 840.00.